

Staðsetning veðurstöðvar í Hljómskálagarði

Tillaga að staðsetningu sjálfvirkar veðurstöðvar í Hljómskálagarðinum.

Hugmyndin er að setja upp 10 metra frístandandi fánastöng með vindmæli auk hitamælis og rakamæli. Einnig til hliðar við stöngina að setja upp úrkomumæli.



1.mynd. Tillögur að staðsetningu fyrir veðurstöð.

Flöt í suðvesturhorni garðsins þar sem skúr garðyrkjunnar er kæmi vel til greina. Staðsetningin er fjær miðju garðsins og þeim stöðum þar sem mikil mannsöfnun er á stórviðburðum. Svæðið er gróið en ekki of þröngt fyrir vind og úrkomumælingar. Rafmagn yrði framleitt með sólarcellu.

Gögnin úr veðurstöðinni yrðu aðgengileg öllum í gegnum vefsíðu Veðurstofu Íslands.



2. mynd. Flötin þar sem kemur til greina að setja upp veðurstöð. Horft til vesturs



3. mynd. Flötin þar sem kemur til greina að setja upp veðurstöð. Horft til austurs



4. mynd. Úrkomumælir svipaður þeim sem settur yrði upp í Hljómskálagarðinum



5. mynd. Vindmælir.



6. mynd. 10 metra fánastöng með vindmæli. Stöngin í Hljómskálagarði myndi ekki hafa vírastög eins og sjást á mynd.